

24. nóvember 2011
SI-80037

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 9. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á álitserðum matsfyrirtækja um lánshæfi íslenskra aðila, 35. mál á 140. þingi.

Þáttur matsfyrirtækjanna í fjármálakreppunni hefur mikið verið til umræðu á alþjóðavísu. Matsfyrirtækin hafa meðal annars verið gagnrýnd á Bandaríkjaþingi, í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og á vettvangi (OECD og) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hér á landi hefur einnig verið fjallað um þessi mál, m.a. í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, í háskólasamfélaginu og í fjölmiðlum.

Seðlabankinn telur það geta komið til greina að gera úttekt af því tagi sem lögð er til í tillögu til þingsályktunar, en bendir á ofangreinda umfjöllun. Ef af verður leggur Seðlabankinn áherslu á að vel sé að því staðið að finna óháðan aðila og að vinna sérfræðings skarist ekki á við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessu samhengi.

Þess skal getið að Seðlabankinn gerir ekki greinarmun á hvort um innlendan eða erlendan sérfræðing er að ræða.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Jón Þ. Sigurgeirsson
framkvæmdastjóri

Bandaríkjaþing: <http://www.ft.com/intl/cms/fc7d55c8-661a-11e0-9d40-00144feab49a.pdf>

Evrópucommission: <http://www.bbc.co.uk/news/business-15739234>

OECD: <http://www.eubusiness.com/news-eu/oecd-eurozone-debt.b5x>

Ísland: <http://skemman.is/item/view/1946/3937>